

## AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,  
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

*Vesturlandsprófastsdæmi:*

Saurbæjarprestakall er lagt niður. Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjarsóknir tilheyra eftirleidis Garðaprestakalli. Garðaprestakall nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 5. mars 2019.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019